



umsagnaraðili	samantekt	viðbrögð
Míla	Á svæðinu eru lagnir í eigu Mílu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur tímanlega þegar til framkvæmda kemur. Við höfum hugsanlega áhuga á að vera með í framkvæmdum.	Athugasemd Mílu á vinnslu stigi. Ekki tilefni til sérstakra viðbragða
Isavia	- Isavia ítrekar fyrri athugasemd sína við vinnslutillögu, dags. 05.06.2025, þar sem bent var á nálægð fyrirhugaðrar íbúðaruppbyggingar við athafnasvæði flugvallarins og flugbrautarenda m.t.t. hljóðvistar og þá einkum nálægð við flughlaðið á Háaleitishlaði þar sem m.a. fer fram herflug. Í niðurstöðum Reykjanesbæjar, samantekt athugasemda, við vinnslutillögu sem er aðgengilegt í Skipulagsgátt (birt 11.09.2025) þá kemur fram að tekið verði tillit til ábendinga í deiliskipulagstillögu. Ekki fæst séð að orðið hafi verið við því hvorki í almennum skilmálum, né sérskilmálum fyrir lóðirnar. Eingöngu er talað um í greinargerð að mælt sé með að við hönnun bygginga á svæðinu verði gerðar auknar hljóðeinangrunarkröfur, sérstaklega í íbúðarhúsnæði, til að tryggja viðunandi hljóðvist vegna mögulegrar herflugumferðar. Ekki er það sett sem skilyrði í sérskilmálum fyrir íbúðaruppbyggingu á lóðunum á svæðinu. Vonandi verður því bætt við sem skilyrði í sérskilmálum að loknu kynningarferli. - Einnig eru ítrekaðar að nýju umferðaráhyggjur á svæðinu, sem voru víðraðar í athugasemd Isavia 05.06.2025. Í ljósi mikillar fyrirhugaðrar uppbyggingar á Ásbrúarsvæðinu þá er ljóst að umferð til og frá svæðinu mun aukast og vill Isavia í því samhengi benda á gatnamót Þjóðbrautar og Grænásbrautar sem er helsta tenging fyrir starfsemi Isavia á Austurhlaði, Háaleitishlaðs við Reykjanesbraut. Í dag er þar umtalsverð	- Best er að Isavia leggi til töluleg viðmið varðandi hávaða frá herflugi sem miða skal við í deiliskipulagi á svæðinu annars er ekki hægt að bregðast við ábendingu nema með almennum ábendingum. - Tekið er undir að umferð er þung á álagstímum um hringtorgið við Grænás. Ferlið við fyrirhugaða tvöföldun Reykjanesbrautar er hafið en framkvæmdir eru háðar forgangsörðun Vegagerðarinnar.



	umferð sem mun eflaust aukast og huga þyrfti að betri tengingum m.t.t. umferðaröryggis á því svæði.	
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur tekið til skoðunar þá þætti sem helst geta átt við starfssvið embættisins í samræmi við upplýsingar í framlögðum gögnum með umsagnarbeiðninni. Tekið hefur verið tillit til ábendinga úr umsögn embættisins sem senda var vegna kynningar á vinnslustigi í uppfærðri greinargerð. Embættið gerir ekki frekari athugasemdir eða ábendingar um nýtt deiliskipulag.	Ekki tilefni til viðbragða
Landhelgisgæsla Íslands	1. Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið, í umboði utanríkisráðuneytisins, bendir á að á svæðinu gilda kröfur sem eru í svæðisskipulagi Suðurnesja vegna eftirlits-, ratsjár- og fjarskiptastöðvar, um að áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir húsum hærri en 45,42 m.y.s. sem á við á umræddu svæði skv. drögum að deiliskipulagi skuli haft samráð við Landhelgisgæsluna auk þess sem ákveðnar reglur eru settar í svæðisskipulaginu um klæðningar húsa. 2. Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið minnir á að Keflavíkurflugvöllur er bæði her- og borgaralegur flugvöllur. Vegna herflugs sem um völinn fer er æskilegt að við gerð skipulaga, sérstaklega deiliskipulags séu gerðar miklar hljóðvistarkröfur til húsnæðis á svæði sem er í nálægð við flugvölinn. Í hljóðvistarútreikninga svæðisins sem almenn er byggt á er ekki tekið tillit til herflugs. Því má búast við að raunhljóðvist sé slakari en útreiknað kort sýnir.	1. Tekið verður tillit til ábendingar sérstaklega varðandi byggingar innan deiliskipulagssvæðis sem eru hærri en aðliggjandi byggð. 2. Best er að Isavia og Landhelgisgæsla leggi til töluleg viðmið varðandi hávaða frá herflugi sem miða skal við í deiliskipulagi á svæðinu annars er ekki hægt að bregðast við ábendingu nema með almennum ábendingum.